



Gróðurfar á eyjum í Kollafirði

Guðmundur Guðjónsson og Rannveig Thoroddsen

Unnið fyrir Reykjavíkurborg



Gróðurfar á eyjum í Kollafirði

Guðmundur Guðjónsson og Rannveig Thoroddsen

Unnið fyrir Reykjavíkurborg

NÍ-14006

Garðabær, nóvember 2014



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Mynd á kápu: Viðeyjarstofa. Ljósmynd. Guðmundur Guðjónsson, 2003.

ISSN 1670-0120

	Urriðaholtsstræti 6-8 212 Garðabæ Sími 590 0500 Fax 590 0595 http://www.ni.is ni@ni.is	Borgum við Norðurslóð 602 Akureyri Sími 460 0500 Fax 460 0501 http://www.ni.is nia@ni.is
Skýrsla nr. NI-14006	Dags, Mán, Ár Nóvember 2014	Dreifing Opin
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Gróðurfar á eyjum í Kollafirði		Upplag 15
		Fjöldi síðna 50
		Kort / Mælikvarði Gróðurlort 1:2000 og 1:4000
		Verknúmer Málsnúmer 2003060011
Höfundar Guðmundur Guðjónsson og Rannveig Thoroddsen		
Unnið fyrir Unnið fyrir Reykjavíkurborg		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur Árið 2003 gerði Náttúrufræðistofnun Íslands áætlun um gróðurlortagerð af eyjunum Akurey, Engey, Lundey, Viðey og Þerney á Kollafirði. Var það gert að beiðni garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar, fyrir hönd umhverfis- og heilbrigðisnefndar borgarinnar. Gróður var upphaflega kortlagður á óuppréttar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í mælikvarða 1:2000 til 1:4000 sem teknar voru sumarið 2002. Gróðurgreining af vettvangi var endanlega teiknuð og uppfærð á myndkort Loftmynda ehf. sem gert var eftir loftmyndum frá 2012. Stór mælikvarði við kortlagningu og mikil fjölbreytni plöntutegunda í gras- og blómlendi eyjanna gaf tilefni til að flokka gróðurfélög þessara flokka mun ítarlegar en gert er þegar eingöngu er stuðst við hefðbundin gróðurlykil. Talsverður stærðarmunur er á milli eyjanna fimm en samtals eru þær rúmlega 256 ha. Lundey er minnst, um 5 ha, en Viðey er langstærst, um 156 ha, eða rúmlega þrisvar sinnum stærri en Engey og Þerney sem koma næstar henni að stærð. Eyjarnar hafa mótast af legu ísaldajökulsins og liggja allar frá austri þar sem þær eru lægst og hækka svo til vesturs. Gróðurfarslega má skipta eyjum Kollafjarðar í tvo flokka. Í fyrri flokknum eru smæstu eyjarnar, Akurey og Lundey, sem eru báðar þýfðar, algrónar og gróskumiklar vegna áburðar frá fuglum. Í seinni flokknum eru stærri eyjarnar, Engey, Þerney og Viðey. Gróðurfur þeirra einkennist af gróskumiklu graslendi eða valllendi með mýrarflákum eða öðrum votlendisgróðri inn á milli. Búseta hefur sett mark sitt á gróðurfur þeirra sem endurspeglast í gömlum tünnum og því hversu grösugar þær eru.		
Lykilorð Gróður, gróðurfélög, landgerðir, Akurey, Engey, Lundey, Viðey, Þerney.	Yfirfarið MH	

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	7
2 RANNSÓKNARSVÆÐIÐ	7
3 AÐFERÐIR VIÐ GRÓÐURKORTAGERÐ	7
4 NIÐURSTÖÐUR	8
4.1 Akurey	8
3.1.1 Staðhættir og gróður árið 1985	8
4.1.2 Gróðurfar samkvæmt gróðurkort	8
4.2 Engey	15
4.2.1 Staðhættir og gróður árið 1985	15
4.2.2 Gróðurfar samkvæmt meðfylgjandi gróðurkort	15
4.3 Lundey	23
4.3.1 Staðhættir og gróður árið 1985	23
4.3.2 Gróðurfar samkvæmt meðfylgjandi gróðurkort	23
4.4 Þerney	31
4.4.1 Staðhættir og gróður árið 1985	31
4.4.2 Gróðurfar samkvæmt meðfylgjandi gróðurkort	31
4.5 Viðey	39
4.5.1 Staðhættir og gróður árið 1985	39
4.5.2 Gróðurfar samkvæmt meðfylgjandi gróðurkort	39
5 UMRÆÐUR	49
6 HEIMILDIR	50

1 INNGANGUR

Þann 10. júní 2003 gerði Náttúrufræðistofnun Íslands áætlun um gróðurkortagerð af eyjunum Akurey, Engey, Lundey, Viðey og Þerney á Kollafirði. Var það gert að beiðni Þórólfs Jónssonar garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar, fyrir hönd umhverfis- og heilbrigðisnefndar borgarinnar.

Vettvangsferðir vegna gróður- og landgreiningar voru farnar sumarið 2003, auk þess sem farin var dagsferð í Viðey haustið 2013. Gróður var upphaflega kortlagður á óuppréttar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í mælikvarða 1:2000 til 1:4000 sem teknar voru sumarið 2002. Gróðurgreining á vettvangi var endanlega teiknuð og uppfærð á myndkort Loftmynda ehf. sem gert var eftir loftmyndum frá 2012. Gróðurkort sem fylgja skýrslunni eru prentuð út í sama mælikvarða og unnið var með á vettvangi. Gróður og landgreining á vettvangi var unnin af Guðmundi Guðjónssyni og Reginu Hreinsdóttur. Eva Þorvaldsdóttir forstöðumaður Grasagarðsins var einnig með í för til grasafræðilegrar ráðgjafar. Að úrvinnslu kortanna unnu auk höfunda Sigrún Jónsdóttir og Sigurður Kristinn Guðjohnsen.

Úrvinnsla gróðurkortlagningar dróst í upphafi vegna þess að flatarrétt myndkort voru ekki tiltæk fyrr en tveimur árum eftir að vettvangsvinna fór fram. Ástæða frekari seinkunar er alfarið á ábyrgð Náttúrufræðistofnunar Íslands og er beðist velvirðingar á henni.

2 RANNSÓKNARSVÆÐIÐ

Rannsóknarsvæðið nær til Akureyjar, Engeyjar, Lundeyjar, Þerneyjar og Viðeyjar á Kollafirði, samtals rúmlega 256 ha. Talsverður stærðarmunur er á eyjunum. Þannig er Lundey minnst, um 5 ha, en Viðey langstærst eða um 156 ha. Eyjarnar hafa mótast af legu ísaldajökulsins og liggja allar frá austri þar sem þær eru lægst og hækka svo til vesturs. Hvað örnefni varðar er stuðst við bókaflokkinn *Reykjavík: sögustaður við Sund* (Páll Línadal 1986-1989).

3 AÐFERÐIR VIÐ GRÓÐURKORTAGERÐ

Kortlagning á vettvangi fer þannig fram að gengið er um landið og mörk gróðurfélaga og annarra landgerða eru færð inn á loftmyndir samkvæmt greiningarlykli Steindórs Steindórssonar (1981). Samkvæmt honum er gróður flokkaður eftir ríkjandi og einkennandi tegundum. Ríkjandi eru þær tegundir sem hafa mesta gróðurþekju og geta þær verið ein eða fleiri í hverju gróðurfélagi. Einkennandi kallast tegundir sem einkenna tiltekið gróðurfélag án þess að hafa mesta þekju. Heiti gróðurfélaga er táknnað með lyklum samsettum úr einum stórum bókstaf og einum eða tveimur tölustöfum, t.d. táknar H1 gróðurfélagið (*grös*) og T5 (*grös-starir*). Gróður er kortlagður á vettvangi eftir loftmyndum og/eða myndkortum. Svæði, sem afmarkað er á loftmynd, er flokkað með sjónmati í gróðurfélög og landgerðir. Gróðurþekja er einnig metin en tákn fyrir skerta gróðurþekju eru rituð aftan við viðkomandi gróðurfélag. Þannig táknar x að meðaltali 75% gróðurþekju, z 50% og þ 25% gróðurþekju. H1x táknar því graslendi með að meðaltali 75% gróðurþekju.

Eyjarnar í Kollafirði voru kortlagðar í stórum mælikvarða (1:2000 til 1:4000) og í vettvangsferðum kom í ljós að fjölbreytni plöntutegunda í gras- og blómlendi eyjanna er mikil. Þetta tvennt gaf tilefni til að flokka gróðurfélög ítarlega eftir ríkjandi tegundum, þ.e. nákvæmar en gróðurlykill Steindórs Steindórssonar (1981) segir til um.

Á gróðurkortunum er mikið um blönduð gróðurfélög, þ.e. þegar tvö eða fleiri gróðurfélög koma fyrir í sama reitnum. Það gróðurfélag sem fyrst er nefnt er þá ríkjandi enda hefur það alltaf meiri útbreiðslu en þau sem síðar eru talin upp. Við útreikninga á flatarmáli blandaðra gróðurfélaga er þeim skipt jafnt upp þannig að gróðurfélögin hafi jafnt vægi.

4 NIÐURSTÖÐUR

4.1 Akurey

3.1.1 Staðhættir og gróður árið 1985

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands *Heimildir um náttúrufar í og við Reykjavík* sem tekin var saman af Ævari Petersen og Kristbirni Egilssyni árið 1998 koma fram eftirfarandi upplýsingar um landslag og gróður í Akurey árið 1985:

Akurey er lágland og flöt 2,5-5 ha að flatarmáli og er hæsti punktur hennar innan við 10 m h.y.s. Hún er lægst að austanverðu en hækkar til vesturs. Fjaran er grýtt og lábarin.

Eyjan er algróin niður að fjörukambi og er gróður sérlega gróskumikill vegna áburðar frá fuglum. Plöntutegundir eru fáar, eða 14, en hver um sig nær mikilli útbreiðslu og þekur stór svæði. Vestast er haugarfi ríkjandi en inn á milli vaxa toppar af túnsúru, baldursbrá, ætihvönn og njóla. Tegundir sem vaxa í fjörunni eru haugarfi, baldursbrá, sjávarfitjungur og fjöruarfi.

4.1.2 Gróðurfar samkvæmt gróðurkort

Akurey var kortlögð í mælikvarðanum 1:2000. Miðað við hefðbundinn gróðurlykil Náttúrufræðistofnunar Íslands (Steindór Steindórsson 1981) koma tvö gróðurfélög fyrir í Akurey. Það eru H1 (*grös*) og L1 (*hávaxnar blómjurtir*) sem flokkast undir gróðurlendi graslendi og blómlendi.

Flatarmál gróins lands er alls 2,92 ha (1. tafla). Ógróið land er álíka mikið eða 2,74 ha en það er fjaran frá fjörukambi niður að meðalfjörumörkum. Fjaran var ákvörðuð á vettvangi með hliðsjón af loftmyndum frá árinu 2002. Af flatarmáli gróins lands þekur graslendi 24% en blómlendi 76%. Eyjan er mjög þýfð og stór hluti hennar er útgrafinn af lundum. Gróðurinn er mjög gróskumikill vegna áburðar frá fuglum.

Gróðurfélög graslendis í Akurey eru tvö:

H1 (*grös*) er graslendi eða valllendi þar sem ótilgreindar grastegundir eru ríkjandi samkvæmt hefðbundnum gróðurlykli Steindórs Steindórssonar (1981). Í Akurey eru húsapunktur, túnvingull og vallarsveifgras ríkjandi grastegundir. Gróðurfélagið er að finna í kringum mannvistarleifarar á austurhluta eyjunnar, annars vegar í blönduðu gróðurfélagi með baldursbrá og hins vegar nokkuð hreint þó að greina megja túnsúrur og ungar hvannir í sverðinum. Gróðurfélagið þekur 7% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaðra gróðurfélaga hefur verið skipt upp.

H1(e) (*vallarsveifgras*) þar sem vallarsveifgras er ríkjandi grastegund. Það er að finna meðfram norðurströnd eyjunnar og hluta suðurstrandarinnar, í blönduðu gróðurfélagi þar sem baldursbrá er ríkjandi tegund. Gróðurfélagið þekur 17% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaðra gróðurfélaga hefur verið skipt upp.

1. tafla. Flatarmál (ha) og hlutfall (%) gróðursamfélaga, gróðurlenda og landgerða í Akurey sumarið 2003.

Gróðursamfélag				
Gróðurlendi		ha	% af grónu landi	% af heild
Graslendi – Valllendi		0,69	24	12
H1	Grös	0,19	7	3
H1(e)	Vallarsveifgras	0,49	17	9
Blómlendi		2,23	76	40
L1	Hávaxnar blómjurtir	0,07	2	1
L1(a)	Hvönn	0,53	18	9
L1(c)	Baldursbrá	1,09	37	19
L1(d)	Njóli	0,53	18	9
Samtals gróið		2,92	100	52

Landgerð; lítt eða ógróið land (<10%)		ha	% af ógrónu landi	% af heild
fj/gt	Grjótfjara	2,74	100	48
Samtals ógróið		2,74	100	48
Alls		5,66		100

Gróðurfélög blómlendis í Akurey eru fjögur:

L1 (*hávaxnar blómjurtir*) þar sem ótilgreindar hávaxnar blómplöntur eru ríkjandi tegundir. Einn lítill reitur á suðurjaðri eyjunnar tilheyrir gróðurfélaginu. Það þekur 2% af grónu landi.

L1(a) (*hvönn*) þar sem ætihvönn er ríkjandi blómplanta. Gróðurfélagið er ríkjandi í blönduðu gróðurfélagi með njóla og baldursbrá í gróðurreit sem þekur meira en helming af gróna landinu. Það þekur 18% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaðra gróðurfélaga hefur verið skipt upp. Á öllu því svæði var lítið um lundaholur þegar vettvangsvinna fór fram árið 2003.

L1(c) (*baldursbrá*) þar sem baldursbrá er ríkjandi blómplanta. Þetta er útbreiddasta gróðurfélagið á eyjunni, en það kemur fyrir í blönduðum gróðurfélögum á 93% gróins lands. Eins og fram kemur hér að framan er það ríkjandi í tveimur reitum í blönduðu gróðurfélagi með vallarsveifgrasi. Gróðurfélagið þekur 37% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaðra gróðurfélaga hefur verið skipt upp.

L1(d) (*njóli*) þar sem njóli er ríkjandi blómplanta. Gróðurfélagið er númer tvö hvað útbreiðslu varðar og er í blönduðu gróðurfélagi í stærsta reitnum með hvönn og baldursbrá. Gróðurfélagið þekur 18% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaðra gróðurfélaga hefur verið skipt upp. Njóli er oft slæðingur í kringum bæi og getur myndað þéttar breiður í landi sem fellur í órækt (Hörður Kristinsson 2010).



1. mynd. Við mannvistarleifar í Akurey eru graslendi og ætihvönn ríkjandi. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



2. mynd. Í lundabyggð á norðanverðri Akurey er blóm- og graslendi þar sem baldursbrá og vallarsveifgras eru ríkjandi. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



3. mynd. Blómlendi vestast í Akurey þar sem hávaxnar blómjurtir, hvönn, baldursbrá og njóli, eru ríkjandi.. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



Akurey

Gróðurkort
Mælikvarði 1:2000

GRÓÐURLYKILL

ÞURRLENDI

Graslendi

H1 Grös
H1(e) Vallarsveifgras ríkjandi

Blómlendi

L1 Hávaxnar blómjurtir
L1(a) Hvönn ríkjandi
L1(c) Baldursbrá ríkjandi
L1(d) Njóli ríkjandi

AÐRAR SKÝRINGAR

Gróðurlaust eða lítt gróið land

fj Fjara
gt Grjót

Myndkort: Loftmyndir ehf 2013,
gert eftir loftmyndum frá 2012
Vettvangsvinna upphaflega unnin
á myndkort frá 2002
Útlit korts: Sigrún Jónsdóttir

0 50 100 m



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS 2014

4.2 Engey

4.2.1 Staðhættir og gróður árið 1985

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands *Heimildir um náttúrufar í og við Reykjavík* sem tekin var saman af Ævari Petersen og Kristbirni Egilssyni árið 1998 koma fram eftirfarandi upplýsingar um landslag og gróður í Engey árið 1985:

Engey er lágland, að mestu í 5-10 m h.y.s. Hæsti hluti hennar er í um 20 m hæð þar sem bæjarhúsin stóðu fyrrum. Lengd eyjunnar er tæpir 1500 m en breidd um 400 m þar sem hún er breiðust. Flatarmál er u.þ.b. 0,4 km² eða 40 ha. Ströndin er lág að sunnanverðu en þegar norðar dregur eru lág klettabelti með sjónum. Brattir bakkar eru í sjó fram rétt norðan við miðja eyju vestanverða. Þrjár litlar tjarnir eru á suðurenda eyjunnar.

Eyjan er öll vel gróin. Um er að ræða graslandi og mýri auk fjörugróðurs. Stór hluti graslendisins eru gömul tún. Þetta á við um norðurhluta eyjunnar, einkum hæðina þar sem aðalbyggðin var. Mest votlendi er að finna um miðja eyjuna. Þar var mýrin ræst fram fyrir miðja síðustu öld. Í blautasta hluta mýrarinnar og skurðunum er gulstör ríkjandi tegund og er hún þar nær einráð. Mýrastör ríkir hins vegar þar sem þurrara er. Mestan fjörugróður er að finna á malarkömbum syðst á eyjunni. Þar er fjaran lægst og sendnust. Algengasta tegundin er baldursbrá en tágamura, fjörukál, melgresi og haugarfi eru mjög áberandi. Alls fannst 71 tegund háplantna í Engey.

4.2.2 Gróðurfar samkvæmt meðfylgjandi gróðurkort

Kortlagt var í mælikvarðanum 1:4000. Miðað við hefðbundinn gróðurlykil Náttúrufræðistofnunar (Steindór Steindórsson 1981) koma fimm gróðurfélög fyrir í Engey. Það eru graslendisgróðurfélagið H1 (*grös*), blómlendisgróðurfélögin L1 (*hávaxnar blómjurtir*) og L2 (*lágvaxnar blómjurtir*), deiglendisgróðurfélagið T5 (*grös-starir*) og mýrargróðurfélagið U8 (*mýrarstör/gulstör*).

Flatarmáli gróins lands er alls 34,07 ha (2. tafla). Ógróið land er 6,75 ha að flatarmáli, aðallega grjót- og malarfjara (89%). Af flatarmáli gróins lands þekur graslandi 71%, blómlendi 9%, deiglendi 5% og mýri 15%. Mestallt gróið land á eyjunni er mjög þýft.

Gróðurfélög graslendis í Engey eru sex en eins og að framan greinir er stór hluti graslendisins gömul tún. Það sést m.a. á því að sáðgrösin háliðagras og vallarfoxgras finnast enn sem ríkjandi tegundir á nokkrum stöðum.

H1 (*grös*) er graslandi eða valllendi þar sem ótilgreindar grastegundir eru ríkjandi samkvæmt hefðbundnum gróðurlykli Steindórs Steindórssonar (1981). Það er að finna á nokkrum blettum í jaðri mýrarinnar á Austureyju. Gróðurfélagið þekur 2% af grónu landi.

H1(a) (*húsapuntur*) þar sem húsapuntur er ríkjandi grastegund. Eins og nafnið gefur til kynna er húsapuntur aðallega að finna við og út frá gömlu byggðinni á Vestureyju. Einnig er suðuroddi eyjunnar vaxinn húsapuntur. Með húsapuntinum er háliðagras áberandi sem á það til að bælast vegna hæðar sinnar. Gróðurfélagið þekur 19% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaðra gróðurfélaga hefur verið skipt upp.

H1(b) (*háliðagras*) þar sem sáðgresið háliðagras er ríkjandi grastegund, er enn að finna á nokkrum smáblettum á Vestureyju þar sem túnin voru áður. Með því vaxa m.a. snarrótarpuntur, varpasveifgras, brennisólei, túnsúra og hálmgresi. Gróðurfélagið þekur 1% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaðra gróðurfélaga hefur verið skipt upp.

2. tafla. Flatarmál (ha) og hlutfall (%) gróðursamfélaga, gróðurlenda og landgerða í Engey sumarið 2003.

Gróðursamfélag				
Gróðurlendi		ha	% af grónu landi	% af heild
Graslendi – Vallendi		24,14	71	59
H1	Grös	0,77	2	2
H1(a)	Húsapunktur	6,42	19	16
H1(b)	Háliðagras	0,43	1	1
H1(c)	Snarrótarpuntur	16,01	47	39
H1(d)	Língresi	0,24	1	1
H1(e)	Vallarsveifgras	0,28	1	1
Blómlendi		3,24	9	7
L1	Hávaxnar blómjurtir	0,09	<1	<1
L1(a)	Hvönn	1,72	5	4
L1(b)	Umfeðmingur	0,44	1	1
L1(c)	Baldursbrá	0,14	<1	<1
L1(d)	Njóli	0,16	<1	<1
L2	Lágvaxnar blómjurtir	0,02	<1	<1
L2(d)	Lindadúnurt	0,68	2	2
Deiglendi		1,58	5	4
T5	Grös - starir	1,58	5	4
Mýri		5,11	15	13
U8	Mýrastör/stinnastör - gulstör	5,11	15	13
Samtals gróíð		34,07	100	83

Landgerð; lítt eða ógróíð land (<10%)		ha	% af ógrónu landi	% af heild
sa	Sandur	0,15	2	<1
av	Vatn	0,61	9	2
Samtals ógróíð		6,75	100	17
Alls		40,82		100

H1(c) (*snarrótarpuntur*) þar sem snarrótarpuntur er ríkjandi grastegund. Það er útbreiddasta gróðurfélag graslendis á eyjunni og eftirtektarvert er að það kemur alltaf fyrir hreint, þ.e.a.s. er aldrei hluti af blönduðum gróðurfélögum. Með snarrótinni vaxa m.a. vallarsveifgras, háliðagras, hundasúra og vallhumall. Gróðurfélagið þekur alls 47% af grónu landi eyjunnar og er útbreytt um hana alla.

H1(d) (*língresi*) þar sem língresistegundir eru ríkjandi. Gróðurfélagið kemur fyrir í einum reit á suðurodda eyjunnar. Það þekur 1% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaðra gróðurfélaga hefur verið skipt upp.

H1(e) (*vallarsveifgras*) þar sem sáðgresið vallarsveifgras er ríkjandi grastegund. Það finnst í blönduðu gróðurfélagi með háliðagrasi við byggðina á Vestureyju. Með vallarsveifgrasinu er áberandi háliðagras sem bælist vegna þess hve það er stórt. Gróðurfélagið þekur 17% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaðra gróðurfélaga hefur verið skipt upp.

Gróðurfélög blómlendis í Engey eru sjö:

L1 (*hávaxnar blómjurtir*) þar sem ótilgreindar hávaxnar blómplöntur eru ríkjandi tegundir samkvæmt gróðurlykli Steindórs Steindórssonar (1981). Þessu gróðurfélagi tilheyrir einn mjór

og langur reitur næst ofan við klettana og sunnan við gömlu byggðina á Vestureyju. Þar er það sem seinna gróðurfélag í blönduðu gróðurfélagi með H1 (*grös*). Gróðurfélagið þekur mjög lítið svæði sem er óverulegur hluti af grónu landi eyjunnar.

L1(a) (*hvönn*) þar sem ætihvönn er ríkjandi tegund. Gróðurfélagið hefur talsverða útbreiðslu á eyjunni og er ríkjandi bæði hreint og í blönduðum gróðurfélögum á nokkrum stöðum á Austureyju. Það þekur 19% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaðra gróðurfélaga hefur verið skipt upp. Á Vestureyju er hvönn í það litlum mæli að hún verður ekki kortlögð og bendir það eindregið til þar hafi beit verið stunduð lengur en á Austureyju.

L1(b) (*umfeðmingur*) þar sem umfeðmingur er ríkjandi tegund. Gróðurfélagið kemur fyrir á tveimur stöðum rétt ofan við fjörukambinn að vestanverðu. Annars vegar finnst það stakt á Vestureyju og hins vegar í blönduðu gróðurfélagi með hvönn og lindadúnurt á Austureyju. Gróðurfélagið þekur 1% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaða gróðurfélagsins hefur verið skipt upp. Umfeðmingur er algengur í öðrum gróðurfélögum víðar á eyjunni, en ekki í það miklum mæli að hægt sé að sýna hann á korti.

L1(c) (*baldursbrá*) þar sem baldursbrá er ríkjandi tegund. Gróðurfélagið kemur fyrir á einum stað í litlum reit við syðri enda Illutjarnar.

L1(d) (*njóli*) þar sem njóli er ríkjandi tegund. Gróðurfélagið er seinna gróðurfélag í blönduðu gróðurfélagi með húsapunti við gömlu byggðina. Gróðurþekjan er óverulegur hluti af grónu landi eyjunnar.

L2 (*lágvaxnar blómjurtir*) þar sem ótilgreindar lágvaxnar blómplöntur eru ríkjandi tegundir, samkvæmt gróðurlykli Steindórs Steindórssonar (1981). Einn örsmár reitur með þessu gróðurfélagi er á fjörukambinum austanvert á móts við Illutjörn.

L2(d) (*lindadúnurt*) þar sem lindadúnurt er ríkjandi, kemur fyrir sem síðasta gróðurfélag í blönduðu gróðurfélagi með hvönn og umfeðmingi við Miðvarartjörn. Það þekur 2% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaða gróðurfélagsins hefur verið skipt upp.

Deiglendi eða jaðar flokkast undir votlendi og er hálfblautt land, þ.e. millistig milli þurrlendis og votlendis. Eitt deiglendisgróðurfélag kemur fyrir á eyjunni:

T5 (*grös-starir*) þar sem ótilgreind grös og starir eru ríkjandi tegundir. Gróðurfélagið kemur fyrir í jaðri mýrlendisins á Austureyju bæði hreint og í blönduðu gróðurfélögum með hvönn. Það þekur 5% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blönduðu gróðurfélaganna hefur verið skipt upp.

Mýrlendi er votlendi þar sem yfirborð jarðvatns er jafnan við eða rétt undir gróðursverði. Eitt gróðurfélag mýrlendis kemur fyrir í Engey:

U8 (*mýrastör-gulstör*) þar sem mýrastör og gulstör eru ríkjandi tegundir. Gróðurfélagið hefur mikla útbreiðslu á suðurhluta eyjunnar. Í mýrlendinu eru litlir forblautir blettir á nokkrum stöðum þar sem gulstör ríkir ein og sér. Ekki var unnt að taka þessa bletti út í kortlagningunni, en þeir gera mýrina óneitanlega blautari en gróðurmerkingin gefur tilefni til. Þekja gróðurfélagsins er 15% af grónu landi eyjunnar.



4. mynd. Hleðsla af gömlu byrgi í blómendi við fjörukambinn í Engey. Snarrótargraslendi sem er útbreiddast gróðurfélagið er áberandi í bakgrunni. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



5. mynd. Séð til suðurs yfir Austureyju frá Vesturbæ í Engey. Í forgrunni eru húsapunktur og njóli ríkjandi tegundir en fjær skiptist á mýrlendi, snarrótargraslendi og fjölbreytt blómlendi. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.




6. mynd. Grunn tjörn í miðju mýrlendi í Vestureyju í Engey þar sem mýrarstör og gulstör eru ríkjandi tegundir. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



7. mynd. Gamalt tún við gömlu byggðina í Vestureyju í Engey þar sem húsapuntur og sáðgresið háliðagras eru ríkjandi grastegundir. Eins og nafnið gefur til kynna er húsapunt aðallega að finna næst bæjarhúsum. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



8. mynd. Umfeðmingur í Engey. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



Engey

Gróðurkort
Mælikvarði 1:4000

GRÓÐURLYKILL

ÞURRLENDI

Graslendi

- H1 Grös
- H1(a) Húsapunktur ríkjandi
- H1(b) Háliðagras ríkjandi
- H1(c) Snarrotarpunktur ríkjandi
- H1(d) Língresi ríkjandi
- H1(e) Vallarsveifgras ríkjandi

Blómlendi

- L1 Hávaxnar blómjurtir
- L1(a) Hvönn ríkjandi
- L1(b) Umfeðmingur ríkjandi
- L1(c) Baldursbrá ríkjandi
- L1(d) Njóli ríkjandi
- L2 Lágvaxnar blómjurtir
- L2(d) Lindadúnurt ríkjandi

VOTLENDI

Deiglendi

- T5 Grös - starir

Mýri

- U8 Mýrastór/stinnastór - gulstór

AÐRAR SKÝRINGAR

Skert gróðurpekja

- x Gróðurpekja að meðaltali 75%

Gróðurlaust eða lítt gróið land

- fj Fjara
- gt Stórgrýtt land
- sa Sandur
- av Vatn

Myndkort: Loftmyndir ehf 2013,
gert eftir loftmyndum frá 2012
Vettvangsvinna upphaflega unnin
á myndkort frá 2002
Útlit kort: Sigrún Jónsdóttir

0 100 m 200 m



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS 2014

4.3 Lundey

4.3.1 Staðhættir og gróður árið 1985

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands *Heimildir um náttúrufar í og við Reykjavík* sem tekin var saman af Ævari Petersen og Kristbirni Egilssyni árið 1998 koma fram eftirfarandi upplýsingar um landslag og gróður í Engey árið 1985:

Lundey er um 400 m á lengd og 150 m á breidd þar sem hún er breiðust. Hún er lægst að austanverðu en hækkar til vesturs og er hæst um 14 m y.s. Klettabelti stendur í sjó fram og er stórgrytt fjara fyrir neðan.

Eyjan er algróin og stórpýfð. Alls fundust 11 tegundir háplantna í Lundey. Ofan til er mest af haugarfa, ásamt vallarsveifgrasi, túnsúru, túnvingli og brennisóley, sem vex í toppum innan um haugarfann. Þegar neðar dregur verður túnvingullinn og vallarsveifgrasið mest áberandi, ásamt túnsúru.

Á tveim stöðum austast á eyjunni eru gróskulegir blettir með gulstör. Í klettunum að sunnanverðu er mikið um holurt, túnsúru, vallarsveifgras og túnfífla.

Í fjörunni sem er stórgrytt og lítt gróin finnast skarfakál, sjávarfitjungur og baldursbrá.

4.3.2 Gróðurfar samkvæmt meðfylgjandi gróðurkort

Kortlagt var í mælikvarðanum 1:2000. Miðað við hefðbundinn gróðurlykil Náttúrufræðistofnunar (Steindór Steindórsson 1981) koma fjögur gróðurfélög fyrir í Lundey. Það eru graslendisgróðurfélagið H1 (*grös*), blómlendisgróðurfélögin L1 (*hávaxnar blómjurtir*) og L2 (*lágvaxnar blómjurtir*) og flóagróðurfélagið V1 (*gulstör*).

Flatarmál gróins lands er alls 2,8 ha (3. tafla). Ógróið land er 2,28 ha að flatarmáli, aðallega grjót- og malarfjara. Af flatarmáli gróins lands þekur graslendi 43%, blómlendi 55% og flói 2%.

Gróðurfélög graslendis í Lundey eru tvö:

H1 (*grös*) er graslendi eða valllendi þar sem ótilgreindar grastegundir eru ríkjandi samkvæmt hefðbundnum gróðurlykli Steindórs Steindórssonar (1981). Hér er þetta gróðurfélag flokkað frekar í tvö gróðurfélög eftir ríkjandi tegundum:

H1(c) (*snarrótarpuntur*) þar sem snarrótarpuntur er ríkjandi grastegund. Það er í stórum fláka á austurhluta eyjunnar sem þriðji hluti af blönduðu gróðurfélagi með túnsúru og haugarfa. Aðrar grastegundir eru t.d. hálmgresi, túnvingull og vallarsveifgras. Snarrótarpuntur þekur alls 22% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blönduðu gróðurfélaganna hefur verið skipt upp.

H1(e) (*vallarsveifgras*) þar sem vallarsveifgras er ríkjandi grastegund. Gróðurfélagið er hreint (ekki í blönduðu gróðurfélagi) á mjórri ræmu meðfram allri norðurströndinni og einnig meðfram meginhluta suðurstrandarinnar. Flatarmál þess nemur alls 21% af grónu landi eyjunnar.

3. tafla. Flatarmál (ha) og hlutfall (%) gróðursamfélaga, gróðurlenda og landgerða í Lundey sumarið 2003.

Gróðursamfélag				
Gróðurlendi		ha	% af grónu landi	% af heild
Graslendi – Valllendi		1,21	43	24
H1(c)	Snarrótarpuntur	0,63	22	12
H1(e)	Vallarsveifgras	0,59	21	12
Blómlendi		1,53	55	30
L1(a)	Hvönn	0,39	14	8
L1(c)	Baldursbrá	0,43	15	8
L2(a)	Túnsúra	0,33	12	7
L2(b)	Haugarfi	0,38	14	7
Flói		0,05	2	1
V1	Gulstör	0,05	2	1
Samtals gróíð		2,80	100	55

Landgerð; lítt eða ógróíð land (<10%)		ha	% af ógrónu landi	% af heild
gt/fj	Grjótfjara	2,28	100	45
Samtals ógróíð		2,28	100	45
Alls		5,08		100

Gróðurfélög blómlendis í Lundey eru þrjú:

L1 (*hávxanar blómjurtir*) þar sem ótilgreindar hávxanar blómplöntur eru ríkjandi tegundir, samkvæmt gróðurlykli Steindórs Steindórssonar (1981) Hér er þetta gróðurfélag flokkað frekar eftir ríkjandi tegund:

L1(c) (*baldursbrá*) þar sem baldursbrá er ríkjandi tegund, finnst á öllum vesturhluta eyjunnar. Þetta gróðurfélag er seinni hluti blandaðs gróðurfélags með túnsúru. Einnig er það þriðji hluti af blönduðu gróðurfélagi með túnsúru og haugarfa í litlum reit við vesturendann. Gróðurfélagið þekur 15% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaðra gróðurfélaga hefur verið skipt upp.

L2 (*lágvxanar blómjurtir*) þar sem ótilgreindar lágvxanar blómplöntur eru ríkjandi tegundir samkvæmt gróðurlykli Steindórs Steindórssonar (1981). Hér er þetta gróðurfélag flokkað frekar í tvö gróðurfélög eftir ríkjandi tegundum:

L2(a) (*túnsúra*) þar sem túnsúra er ríkjandi, en aðrar tegundir eins og brennisóley eru áberandi. Túnsúra vex og er ríkjandi um nær alla eyju þar sem hún kemur fyrir sem fyrsta gróðurfélag í blönduðum gróðurfélögum með öðrum blómjurtum. Þarna er plantan mjög stórvaxin, sér í lagi stönglarnir sem líkjast njólum. Gróðurfélagið þekur 26% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaðra gróðurfélaga hefur verið skipt upp.

L2(b) (*haugarfi*) þar sem haugarfi er ríkjandi, en aðrar tegundir eins og t.d. brennisóley eru áberandi og vegarfi er einnig til staðar. Þetta gróðurfélag kemur fyrir í blönduðu gróðurfélagi með túnsúru á austurhluta eyjunnar og í litla reitnum vestast á henni. Einnig vex haugarfi í flóablettunum tveimur með gulstör. Gróðurfélagið þekur 14% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaðra gróðurfélaga hefur verið skipt upp.

Flói er að vatnagróðri undanskildum blautasti hluti votlendisins. Flóar einkennast af því að vatnsborð nær vel yfir gróðursvörð verulegan hluta ársins.

V1 (*gulstör*) er flói þar sem gulstör er ríkjandi. Gróðurfélagið finnst á tveimur litlum blettum á austurhluta eyjunnar í blönduðu gróðurfélagi með haugarfa, sem er afar sjaldgæft. Þarna er gulstörin óvenju þétt og stórvaxin þannig að erfitt var að átta sig á jarðvatnsstöðunni í sverðinum, en hún virtist vera lág. Gróðurfélagið þekur 2% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaðra gróðurfélaga hefur verið skipt upp.



9. mynd. Gróðurkortagerð í Lundey getur verið snúin þrátt fyrir logn spegilsléttan sjó. Ljós. Regína Hreinsdóttir, 2003.



10. mynd. Túnsúra og haugarfi eru ríkjandi tegundir í Lundey. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



11. mynd. Gróðurfélagið VI (gulstör) finnst á tveimur litlum blettum á austurhluta Lundeyjar í blönduðu gróðurfélagi með haugarfa, sem er afar sjaldgæft. Störin er óvenju þétt og stórvaxinn þrátt fyrir lága jarðvatnsstöðu. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



12. mynd. Graslendi með vallarsveifgrasi í kringum lundaholurnar í Lundey er óvenju snögg. Ljósmynd. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



Lundey

Gróðurkort

Mælikvarði 1:2000

GRÓÐURLYKILL

ÞURRLENDI

Graslendi

H1 Grös

H1(c) Snarrótarpunktur ríkjandi

H1(e) Vallarsveifgras ríkjandi

Blómlendi

L1 Hávaxnar blómjurtir

L1(c) Baldursbrá ríkjandi

L2 Lágvaxnar blómjurtir

L2(a) Túnsúra ríkjandi

L2(b) Haugarfi ríkjandi

VOTLENDI

Flói

V1 Gulstór

AÐRAR SKÝRINGAR

Gróðurlaust eða lítt gróið land

fj Fjara

gt Stórgrýtt land

Myndkort: Loftmyndir 2013,
gert eftir loftmyndum frá 2012 og 2005
Vettvangsvinna upphaflega unnin
á myndkort frá 2002
Útlit korts: Sigrún Jónsdóttir

0 50 100 m



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS 2014

4.4 Þerney

4.4.1 Staðhættir og gróður árið 1985

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands *Heimildir um náttúrufar í og við Reykjavík* sem tekin var saman af Ævari Petersen og Kristbirni Egilssyni árið 1998 koma fram eftirfarandi upplýsingar um landslag og gróður í Þerney árið 1985:

Þerney er láglend eyja (0,4 km²) er liggur skammt undan Álfsnesi. Eyjan er um 900 m á lengd og breidd og hæst er hún 25 m y.s. Ströndin er yfirleitt lág og sendin en sumstaðar er nokkuð bratt að sjónum, sérstaklega um norðanverða eyjuna. Tvær litlar tjarnir eru á eyjunni.

Eyjan er öll vel gróin. Aðalgróðurlendin eru graslendi, mýrlendi og uppgrónir melar.

Hluti graslendisins eru gömul tún frá því að búskapur var stundaður á eyjunni. Þar finnast enn algeng túngrös, svo sem háliðagras, snarrótarpuntur, hálíngresi og túnvingull. Auk þess vaxa þar dúnhafrar, *Avenula pubescens*, sem aðeins hafa áður fundist í Höfða, Höfðahverfi á Norðurlandi (Stefán Stefánsson 1948). Hæsti hluti eyjunnar er að norðanverðu, þar er melur sem augsýnilega hefur verið í hraðri uppgræðslu undanfarin ár. Helstu tegundir eru ilmreyr, vallhæra, hrafnaklukka, gulmaðra, krossmaðra, túnvingull, snarrótarpuntur, kornsúra og klóelfting. Votlendi er þar sem hallar frá brekkum niður í kvos um miðja eyjuna. Þar er mýrastör ríkjandi ásamt hengistör en gulstör þar sem blautast er.

Malar og sandfjara er um suðaustanverða eyjuna. Upp af henni er malarkambur, sem er vel gróinn. Helstu tegundir eru tágamura, melgresi, kúmen, baldursbrá, túnvingull og haugarfi. Í fjörukambinum vestar á eyjunni fundust auk þess krossfífill og gulbrá, sem í dag nefnist hlaðkolla. Á austurenda eyjunnar, þar sem fjárréttin er, vex mikið af fjörukáli og fjöruarfa í skeljasandsfjöru. Alls fundust 90 tegundir háplantna í Þerney.

4.4.2 Gróðurfar samkvæmt meðfylgjandi gróðurskort

Kortlagt var í mælikvarða 1:4000. Miðað við hefðbundinn gróðurlykil Náttúrufræðistofnunar (Steindór Steindórsson 1981) eru níu gróðurfélög í Þerney. Það eru graslendisgróðurfélögin H1 (grös), H4 (melgresi) og H5 (*sjávarfitjungur*); blómlendisgróðurfélögin L1 (*hávaxnar blómjurtir*) og L2 (*lágvaxnar blómjurtir*); deiglendisgróðurfélagið T5 (*grös-starir*); mýrargróðurlendið U8 (*mýrastör-gulstör*) og flóagróðurfélagið V1 (*gulstör*). Auk þeirra kemur fyrir eitt gróðurfélag ræktaðs lands, R4 (*gamalt tún*), sem ekki er hægt að taka til heynytja aftur án endurvinnslu.

Flatarmál gróins lands er alls 41,11 ha (4. tafla). Ógróið land er 7,42 ha að flatarmáli, aðallega grjót- malar- og sandfjara (93%). Af flatarmáli gróins lands þekur graslendi/valllendi 65%, mýrlendi 14%, blómlendi 7%, deiglendi 5%, ræktað land 5%, melgresi og flói 2% hvort um sig og sjávarfitjungur kemur fyrir með minna en 1% þekju. Mestallt gróið land á eyjunni er nokkuð þýft.

H1 (*grös*) er graslendi eða valllendi þar sem ótilgreindar grastegundir eru ríkjandi samkvæmt hefðbundnum gróðurlykli Steindórs Steindórssonar (1981). Hér er þetta gróðurfélag flokkað frekar í þrjú gróðurfélög eftir ríkjandi grastegundum:

Þetta gróðurfélag kemur ekki fyrir en er hér flokkað frekar í þrjú eftirfarandi gróðurfélög eftir ríkjandi tegundum.

4. tafla. Flatarmál (ha) og hlutfall (%) gróðursamfélaga, gróðurlenda og landgerða í Þerney sumarið 2003.

Gróðursamfélag		ha	% af grónu landi	% af heild
Gróðurlendi				
Graslendi – Vallendi		26,81	65	55
H1(a)	Húsapuntur	5,06	12	10
H1(b)	Háliðagras	2,10	5	4
H1(c)	Snarrótarpuntur	19,65	48	40
Melgresi		0,62	2	1
H4	Melgresi	0,62	2	1
Sjávarfitjar		0,14	<1	<1
H5	Sjávarfitjungur	0,14	<1	<1
Blómlendi		2,72	7	6
L1(b)	Umfeðmingur	2,57	6	5
L2	Lágvaxnar blómjurtir	0,06	<1	<1
L2(c)	Tágamura	0,09	<1	<1
Ræktað land		2,20	5	5
R4	Gamalt tún, þarfnast endurvinnslu	2,20	5	5
Deiglendi		2,00	5	4
T5	Grös - starir	2,00	5	4
Mýri		5,70	14	12
U8	Mýrastör/stinnastör - gulstör	5,70	14	12
Flói		0,92	2	2
V1	Gulstör	0,92	2	2
Samtals gróíð		41,11	100	85

Landgerð; lítt eða ógróíð land (<10%)		ha	% af ógrónu landi	% af heild
gt/fj	Grjótfjara	5,84	79	12
sa/fj	Sandfjara	0,63	9	1
sa	Sandur	0,12	2	<1
av	Vatn	0,49	7	1
Samtals ógróíð		7,42	100	15
Alls		48,52		100

H1(a) (*húsapuntur*) þar sem húsapuntur er ríkjandi grastegund. Gróðurfélagið er, eins og nafnið gefur til kynna, aðallega við og út frá gamla bæjarstæðinu. Það þekur 12% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaðra gróðurfélaga hefur verið skipt upp.

H1(b) (*háliðagras*) þar sem sáðgresið háliðagras er ríkjandi grastegund, er að finna syðst á Suðureyju. Það bendir til þess að þar hafi áður fyrr verið túnbleðill, þó að landið sé nokkuð grýtt. Af öðrum grastegundum má nefna dúnhafra, sem er slæðingur sem borist hefur til lands á seinni árum, vallarfoxgras, hálmgresi, ilmreyr og túnvingul. Gróðurfélagið þekur 5% af grónu landi eyjunnar.

H1(c) (*snarrótarpuntur*) þar sem snarrótarpuntur er ríkjandi grastegund. Það er útbreiddasta gróðurfélag graslendisins á eyjunni og eftirtektarvert er að það vex nær alltaf hreint en ekki sem hluti af blönduðum gróðurfélögum. Gróðurfélagið hefur mesta útbreiðslu á norðurhluta eyjunnar og er meirihluti þess talsvert grýttur. Af öðrum grastegundum sem vaxa með snarrótinni

má nefna hálíngresi, ilmreyr og túnvingul. Aðrar áberandi tegundir háplantna eru brennisóley, túnsúra, hvítmaðra og krossmaðra. Snarrótarpuntur þekur alls 48% af grónu landi eyjunnar.

H4 (*melgresi*) þar sem melgresi er ríkjandi grastegund, finnst á tveimur stöðum við ströndina. Annars vegar austast á Norðureyju og hins vegar utan við lónið syðst á Suðureyju. Gróðurfélagið þekur 2% af grónu landi eyjunnar.

H5 (*sjávarfitjungur*) þar sem sjávarfitjungur er ríkjandi, kemur fyrir á litlum bletti innan við lón sem sjór nær að flæða inn í, syðst á Suðureyju. Gróðurfélagið er óverulegur hluti af grónu landi eyjunnar (<1%).

Gróðurfélög blómlendis í Þerney eru sjö:

L1 (*hávaxnar blómjurtir*) þar sem ótilgreindar hávaxnar blómplöntur eru ríkjandi tegundir, samkvæmt gróðurlykli Steindórs Steindórssonar (1981). Hér er þetta gróðurfélag flokkað frekar eftir ríkjandi tegund:

L1(b) (*umfeðmingur*) þar sem umfeðmingur er ríkjandi tegund kemur fyrir í tveimur reitum sem seinna gróðurfélag. Það er annars vegar í reit með hálíðagrasí syðst á eyjunni og hins vegar við gamla tóft á Norðureyju með húsapunti og hálíðagrasí. Gróðurfélagið þekur 6% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaða gróðurfélagsins hefur verið skipt upp. Umfeðmingur er algengur víðar á eyjunni, m.a. í gamla túninu, en ekki í það miklum mæli að hægt sé að sýna hann á korti.

L2 (*lágvaxnar blómjurtir*) þar sem ótilgreindar lágvaxnar blómplöntur eru ríkjandi tegundir, samkvæmt gróðurlykli Steindórs Steindórssonar (1981). Einn örsmár reitur með þessu gróðurfélagi er við fjörukambinn austast á Norðureyju en hann var ekki flokkaður frekar. Gróðurfélagið er óverulegur hluti af grónu landi eyjunnar (<1%).

L2(c) (*tágamura*) þar sem tágamura er ríkjandi, kemur fyrir sunnan við tjörn ofan við fjörukambinn í vikinni að vestanverðu. Þar er einnig talsvert af baldursbrá. Reiturinn er mjög lítill og einungis gróinn að tveimur þriðju hlutum. Gróðurfélagið er óverulegur hluti af grónu landi eyjunnar (<1%).

Ræktað land:

R4 (*gamalt tún*) er aflagt tún sem ekki er hægt að taka aftur til heynytja án endurvinnslu. Þar er um að ræða gamla heimatúnið sem nú er orðið mjög þýft og blandað öðrum gróðri en sáðgresi. Af grastegundum er þar vaxa má nefna húsapunt, sáðgrösin hálíðagras og vallarfoxgras og axhnoðapunt sem vex í toppum (Hörður Kristinsson 2010). Hæstu grösín í túninu eru meira en 1 m á hæð. Í túninu vex einnig talsvert af umfeðmingi og njóla og við túnið vex einnig kúmen. Stærð túnsins er 2,2 ha sem er 5% af grónu landi eyjunnar.

Deiglendi eða jaðar flokkast undir votlendi og er hálfblautt land, þ.e. millistig milli þurrlendis og votlendis. Eitt deiglendisgróðurfélag kemur fyrir á eyjunni:

T5 (*grös-starir*) þar sem ótilgreind grös og starir eru ríkjandi tegundir. Það kemur fyrir í þremur reitum við norðurströndina þar sem það er hreint, en ekki í blönduðum gróðurfélögum. Það finnst einnig sem seinna gróðurfélag í blönduðu gróðurfélagi með U8 (*mýrastör-gulstör*) næst

sjónum, ofan og utan við tjörnina að vestanverðu. Þar er það sem þurrari blettir í mýrlendinu. Gróðurfélagið þekur 5% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blönduðu gróðurfélaganna hefur verið skipt upp.

Mýrlendi er votlendi þar sem yfirborð jarðvatns er jafnan við eða rétt undir gróðursverði. Eitt gróðurfélag mýrlendis kemur fyrir í Þerney:

U8 (*mýrastör-gulstör*) þar sem mýrastör og gulstör eru ríkjandi tegundir, hefur talsverða útbreiðslu út frá tjörninni á vestanverðri eyjunni. Meirihluti mýrlendisins er hreinn, en hluti þess er í blönduðu gróðurfélagi sem lýst er hér á undan. Af háplöntutegundum sem finnast í mýrlendinu má auk mýrastarar og gulstarar nefna hálmgresi, hófsóley, engjarós og brennisóley. Í blandaða gróðurfélaginu má að auki nefna ilmreyr, língresi, hrossanál og vallarsveifgras. Þekja gróðurfélagsins er 14% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blönduðu gróðurfélaganna hefur verið skipt upp.

Flói er að vatnagróðri undanskildum blautasti hluti votlendisins. Flóar einkennast af því að vatnsborð nær vel yfir gróðursvörð verulegan hluta ársins.

V1 (*gulstör*) er flói þar sem gulstör er ríkjandi. Gróðurfélagið liggur að tjörninni og er einnig að finna í hólum í henni. Af háplöntutegundum sem finnast í flóanum má auk gulstarar nefna hengistör, mýrastör, hófsóley, mjaðurt og horblöðku. Gróðurfélagið þekur 2% af grónu landi eyjunnar.



13. mynd. Horft frá Suðureyju yfir í Vestureyju í Þerney. Í forgrunni er graslendi þar sem háliðagras er ríkjandi í gömlu túni. Upp af vikinni er talsvert votlendi. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



14. mynd. Á Suðureyju í Þerney er snarrótargraslendi ríkjandi. Í fjarska grillir í Lundey. Ljósmynduð af Guðmundur Guðjónsson, 2003.



15. mynd. Falleg tjörn er við sjávarkambinn í Þerney, umkringd gróskumiklum gulstararflóa. Ljósmynduð af Guðmundur Guðjónsson, 2003.



Perney

Gróðurkort
Mælikvarði 1:4000

GRÓÐURLYKILL

ÞURRLENDI

Graslendi

- H1 Grös
- H1(a) Húsapunktur ríkjandi
- H1(b) Háliðagras ríkjandi
- H1(c) Snarrótarpunktur ríkjandi
- H4 Melgresi
- H5 Sjávarfítjungur

Blómlendi

- L1 Hávaxnar blómjurtir
- L1(b) Umfæðmingur ríkjandi
- L2 Lágvaxnar blómjurtir
- L2(c) Tágamúra ríkjandi

Ræktað land

- R4 Gamalt tún, þarfnast endurvinnslu

VOTLENDI

Deiglendi

- T5 Grös - starir

Mýri

- U8 Mýrastór/stinnastór - gulsör

Flói

- V1 Gulstór

ADRAR SKÝRINGAR

Skert gróðurþekja

- x Gróðurþekja að meðaltali 75%
- a Nokkurt grjót í gróðri
- b Talsvert grjót í gróðri

Gróðurlaust eða lítt gróið land

- fj Fjara
- gt Stórgrytt land
- sa Sandur
- av Vatn

Myndkort: Loftmyndir ehf 2013.
gert eftir loftmyndum frá 2012
Vettvangsvinna upphaflega unnin
á myndkort frá 2002
Útlit korts: Sigrún Jónsdóttir

0 100 200 m



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS 2014

4.5 Viðey

4.5.1 Staðhættir og gróður árið 1985

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands *Heimildir um náttúrufar í og við Reykjavík* sem tekin var saman af Ævari Petersen og Kristbirni Egilssyni árið 1998 koma fram eftirfarandi upplýsingar um landslag og gróður í Viðey árið 1985:

Viðey er stærsta eyjan á Kollafirði, u.þ.b. 1,6 km². Lengd hennar er um 3 km og breiðust er hún 700 m. Hæst er hún um 30 m y.s. á svokallaðri Heljarkinn. Viðey er öll girt lágu klettabelti með sjó fram, nema um Eiðið og á Sandbakka sem er suðaustast á eyjunni.

Segja má að Viðey skiptist í tvær eyjar er tengjast saman með Eiðinu. Norðvesturhlutinn, sem er minni, kallast Vesturey, en sá stærri þar sem byggðin var kallast Heimaey næst Viðeyjarstofu og suð austur hlutinn Austurey.

Eyjan er öll vel gróin og skiptast þar á votlendi og graslendi. Nokkuð hefur verið ræst fram af mýrum og talsvert er af túnnum sem enn eru slegin.

Graslendi er víða að finna og er það algengasta gróðurlendið ásamt mýrinni. Graslendið er oftast mjög þýft. Í graslendi rétt austan Viðeyjarstofu eru þessar tegundir algengastar: Snarrótarpuntur, ilmreyr, krossmaðra, vallelfting og brennisóley. Á milli er bert grjót og flög.

Í kargapýfðu graslendi á Vesturey fundust þessar tegundir: Hálíngresi, týtulíngresi, snarrótarpuntur, vallhæra, gulmaðra, krossmaðra, brennisóley, túnsúra, blávingull, túnvingull, vegarfi og ilmreyr. Þar sem graslendi liggur að steinóttum smáhæðum verður heldur þurrara en annars. Á túnnum umhverfis Viðeyjarstofu er að finna hefðbundnar grastegundir, hálíðagras og vallarfoxgras ásamt fylgitegundum.

Votlendi finnst meira og minna um alla eyjuna. Votlendið um miðja eyjuna var að mestu ræst fram á árunum milli 1930 og 1940. Allir eru þeir skurðir nú grónir og að fyllast. Í skurðbotninum er oft mikið um gulstör. Hún er einnig ríkjandi í blautustu mýrunum. Í þýfðri mýri austan við Viðeyjarstofu uxu milli þúfna mýrastör, mýrelfting, klófífa, engjarós, hálmgresi, hrafnaklukka, horblaðka og hófsóley. Á þúfnakollum voru hins vegar vallasveifgras, brennisóley, vegarfi, krossmaðra, vallhæra, hvítmaðra og jakobsfífill.

Fjaran er nær öll stórgrýtt. Ofan hennar tekur við lágt klettabelti nema á Eiðinu og suðaustast á eyjunni, þar er malarfjara. Gróður í fjöru er lítill. Helst er að finna þessar tegundir: Hrímbloðku, fjörukál, baldursbrá, blálilju og ólafssúru. Í klettum við sjó á Vesturey vex sæhvönn. Alls fundust 109 tegundir háplantna í Viðey

4.5.2 Gróðurfar samkvæmt meðfylgjandi gróðurkort

Kortlagt var í mælikvarða 1:4000. Miðað við hefðbundinn gróðurlykil Náttúrufræðistofnunar (Steindór Steindórsson 1981) koma fjórtán gróðurfélög fyrir í Viðey. Þau tilheyra graslendi, blómlendi, ræktaðu landi, deiglendi, mýri og flóa (5. tafla).

Flatarmál gróins lands er alls 156,49 ha (5. tafla). Ógróið land er 12,89 ha að flatarmáli, aðallega sand-, grjót- og malarfjara (alls 90% af ógrónu landi). Af flatarmáli gróins lands þekur graslendi 59%, blómlendi 4%, ræktað land 5%, deiglendi 3%, mýri 26%. og flói 3%.

5. tafla. Flatarmál (ha) og hlutfall (%) gróðursamfélaga, gróðurlenda og landgerða í Viðey sumarið 2003.

Gróðursamfélag				
Gróðurlendi		ha	% af grónu landi	% af heild
Graslendi – Vallendi		85,21	59	54
H1	Grös	55,12	38	35
H1(a)	Húsapunktur	1,42	1	1
H1(c)	Snarrótarpuntur	27,76	19	18
H1(f)	Vinglar	0,90	1	1
Melgresi		0,09	<1	<1
H4	Melgresi	0,09	<1	<1
Sjávarfitjar		0,35	<1	<1
H5	Sjávarfitjungur	0,35	<1	<1
Blómlendi		5,82	4	4
L1	Hávaxnar blómjurtir	0,22	<1	<1
L1(a)	Hvönn	0,15	<1	<1
L1(b)	Umfeðmingur	0,06	<1	<1
L1(d)	Njóli	0,20	<1	<1
L1(e)	Mjaðjurt	2,95	2	2
L1(g)	Fíflar	0,59	<1	<1
L1(h)	Þistill	0,22	<1	<1
L2(a)	Túnsúra	0,75	1	<1
L2(c)	Tágamura	0,59	<1	<1
L2(e)	Kattartunga	0,09	<1	<1
Ræktað land		7,03	5	4
R2	Tún í góðri rækt	3,95	3	3
R3	Gamalt tún, hægt að nýta	1,60	1	1
R4	Gamalt tún, þarfnast endurvinnslu	1,47	1	1
R6	Skógrækt	0,01	<1	<1
Deiglendi		4,06	3	3
T5	Grös - starir	4,06	3	3
Mýri		36,92	26	24
U1	Mýrastör/stinnastör - hengistör	0,07	<1	<1
U4	Mýrastör/stinnastör- klófífa	1,77	1	1
U5	Mýrastör/stinnastör	1,73	1	1
U8	Mýrastör/stinnastör - gulstör	33,35	23	21
Flói		4,12	3	3
V1	Gulstör	4,12	3	3
Samtals gróið		143,60	100	92

Gróðurkortlagningin frá 2003 var lítillega endurskoðuð á vettvangi í nóvember 2013. Við gerð kortsins höfðu komið í ljós nokkur vafaatriði þar sem gróður hafði breyst frá fyrri kortlagningu. Þær breytingar voru leiðréttar eftir því sem aðstæður leyfðu miðað við árstíma.

Gróðurfélög graslendis í Viðey eru sex:

H1 (grös) er graslendi eða vallendi þar sem ótilgreindar grastegundir eru ríkjandi samkvæmt hefðbundnum gróðurlykli Steindórs Steindórssonar (1981). Það er langútbreiddasta gróðurfélag

5. tafla. Framhald.

Landgerð; lítt eða ógróið land (<10%)		ha	% af ógrónu landi	% af heild
Manngerðar landgerðir		0,80	6	1
		0,79	6	1
		0,01	<1	<1
Náttúrulegar landgerðir		12,09	94	8
me	Melur	0,32	2	<1
gt	Stórgrýtt land	6,04	47	4
fj	Fjara	1,30	10	1
sa/fj	Sandfjara	0,11	1	<1
sa	Sandur	3,25	25	2
av	Vatn	1,06	8	1
Samtals ógróið		12,89	100	8
Alls		156,49		100

eyjunnar. Eyjan er afskaplega grösug og gróðurfarslega einsleit sem sjá má á því að gróðurfélög graslendis og votlendis eru samtals 91% af grónu landi á eyjunni. Mikill hluti graslendis í Austurey er talsvert grýttur. Gróðurfélagið þekur 38 % af grónu landi eyjunnar.

H1(a) (húsapuntur) þar sem húsapuntur er ríkjandi. Gróðurfélagið finnst í tveimur reitum og er sá stærri á Eiðinu. Það þekur 1% af grónu landi eyjunnar.

H1(c) (snarrótarpuntur) þar sem snarrótarpuntur er ríkjandi grastegund. Það er næstútbreiddasta gróðurfélag graslendisins á eyjunni og eftirtektarvert er að það vex nær alltaf hreint (ekki sem hluti af blönduðum gróðurfélögum). Talsverður hluti gróðurfélagsins er nokkuð grýttur. Snarrótarpuntur þekur alls 19% af grónu landi eyjunnar og er útbreytt um hana alla.

H1(f) (vinglar) þar sem vinglar, aðallega túnvingull en einnig blávingull, eru ríkjandi grastegundir. Gróðurfélagið kemur fyrir í tveimur reitum niður undir fjöru nálægt Stöðinni og nemur flatarmál þess 1% af grónu landi eyjunnar.

H4 (melgresi) þar sem melgresi er ríkjandi grastegund. Gróðurfélagið finnst í tveimur reitum á foksandi á Eiðinu og þekur það minna en 1% af grónu landi eyjunnar.

H5 (sjávarfitjungur) þar sem sjávarfitjungur er ríkjandi. Gróðurfélagið kemur fyrir á tveimur litlum blettum við Stórutjörn og Miðtjörn á Eiðinu og nemur flatarmálið minna en 1% af grónu landi eyjunnar.

Gróðurfélög blómlendis í Viðey eru tíu:

L1 (hávaxnar blómjurtir) þar sem ótilgreindar hávaxnar blómplöntur eru ríkjandi tegundir samkvæmt gróðurlykli Steindórs Steindórssonar (1981). Gróðurfélaginu tilheyra þrír litlir reitir; tveir nálægt Viðeyjarstofu og einn við ströndina neðan við Fúamýri. Það kemur aldrei fyrir í blönduðum gróðurfélögum og þekur það óverulegan hluta af grónu landi eyjunnar (<1%).

Þess má geta að kúmen, sem tilheyrir þessu gróðurfélagi, vex vítt og breitt um eyjuna en er hvergi í það miklu magni að hægt sé að kortleggja það í mælikvarða 1:4000.

L1(a) (*hvönn*) þar sem ætihvönn er ríkjandi tegund. Þessu gróðurfélagi tilheyrir einn mjög smár reitur rétt ofan flæðarmáls á suðvesturhorni eyjunnar. Í gróðurfélaginu sem lýst er hér á undan (L1) gæti hvönn allt eins verið ein af ríkjandi tegundum. Gróðurfélagið þekur mjög lítið svæði sem er óverulegur hluti af grónu landi eyjunnar (<1%).

L1(b) (*umfeðmingur*) þar sem umfeðmingur er ríkjandi tegund. Það kemur fyrir á einum stað í blönduðu gróðurfélagi, við fjörukambinn nálægt Friðarsúlunni að vestanverðu. Umfeðmingur vex í öðrum gróðurfélögum víðar á eyjunni en ekki í það miklum mæli að hægt sé að sýna hann á korti. Gróðurfélagið þekur óverulegan hluta af grónu landi eyjunnar (<1%).

L1(d) (*njóli*) þar sem njóli er ríkjandi tegund. Gróðurfélagið kemur fyrir í blönduðu gróðurfélagi á þremur litlum reitum á Vesturey, Heimaey og við Stöðina austast á eyjunni. Gróðurfélagið er óverulegur hluti af grónu landi eyjunnar (<1%).

L1(e) (*mjaðurt*) þar sem mjaðurt er ríkjandi tegund. Gróðurfélagið finnst víðsvegar um eyjuna, ýmist hreint (ekki í blönduðu gróðurfélagi) eða sem seinna gróðurfélag í blönduðum gróðurfélögum með mýrlendi og graslendi. Gróðurfélagið þekur 2% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blönduðu gróðurfélaganna hefur verið skipt upp.

L1(g) (*fíflar*) þar sem túnfíflar eru ríkjandi. Gróðurfélagið kemur fyrir í fjórum blönduðum gróðurfélögum með graslendi á Heimaey og á Austurey. Gróðurfélagið er óverulegur hluti af grónu landi eyjunnar (<1%).

L1(h) (*þistill*) þar sem þistill er ríkjandi tegund. Gróðurfélagið kemur fyrir á einum stað við skólahúsið og er það óverulegur hluti af grónu landi eyjunnar (<1%).

L2 (*lágvaxnar blómjurtir*) þar sem ótilgreindar lágvaxnar blómplöntur eru ríkjandi tegundir samkvæmt gróðurlykli Steindórs Steindórssonar (1981). Hér er þetta gróðurfélag flokkað frekar þrjú gróðurfélög eftir ríkjandi tegundum:

L2(a) (*túnsúra*) þar sem túnsúra er ríkjandi er hluti af stóru, fjórföldu gróðurfélagi í framræsta votlendinu á Heimaey. Gróðurfélagið þekur 1% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blandaða gróðurfélagsins hefur verið skipt upp.

L2(c) (*tágamura*) þar sem tágamura er ríkjandi, kemur fyrir á fjórum stöðum í blönduðum gróðurfélögum nærri ströndinni; tveimur við Eiðið og tveimur á Austurey. Gróðurfélagið er óverulegur hluti af grónu landi eyjunnar (<1%).

L2(e) (*kattartunga*) þar sem kattartunga er ríkjandi. Gróðurfélagið er út af fyrir sig á einum stað við Stórutjörn vestast á Eiðinu og er óverulegur hluti af grónu landi eyjunnar (<1%).

Ræktað land (R) er land sem hefur verið ræktað og mótað af manningum. Í Viðey eru það aðallega tún sem flokkast sem ræktað land og eru þau aðgreind frekar eftir ástandi. Skógrækt kemst á blað en þar er einungis um nokkur tré að ræða. Gróðurfélög ræktaðs lands í Viðey eru fjögur:

R2 (*tún í góðri rækt*) eru tún sem reglulega er borið á og þau slegin til fóðuröflunar. Í túnunum ríkjast einkum innflutt fóðurgrös, t.d. vallarfoxgras, háliðagras og vallarsveifgras. Þau eru öll í kringum Viðeyjarstofu, nema eitt sem er við veginn austast á eyjunni, ofan við Stöðina. Tún sem notuð eru til heynytja nema 3% af grónu landi eyjunnar.

R3 (*gamalt tún, hægt að nytja*) eru tún sem ekki eru nytjuð til slægna en hægt væri að taka til nytja aftur með áburðargjöf án endurvinnslu. Fjögur gömul túnstykki af þessari gerð voru kortlögð; tvö við Viðeyjarstofu og tvö austast á eyjunni, og nemur flatarmál þeirra 1% af grónu landi eyjunnar.

R4 (*gamalt tún, þarfnast endurvinnslu*) eru tún sem ekki verða tekin til ræktunar aftur án þess að landið verði brotið að nýju. Í Viðey er eitt tún af þessari gerð ofan við friðarsúluna og nemur flatarmál þess um 1% af grónu landi eyjunnar.

R6 (*skógrækt*). Í Viðey er eitt svæði sem flokkast sem skógrækt. Þar er aðeins um nokkur tré að ræða sem staðsett eru í jaðri túns við veginn austast á eyjunni, ofan við Stöðina. Á nokkrum stöðum sáust stakar hríslur eða nokkrar saman sem ekki var unnt að sýna á korti í mælikvarða 1: 4000.

Deiglendi eða jaðar (T) flokkast undir votlendi. Um er að ræða hálfblautt land, þ.e. millistig milli þurrlendis og votlendis. Eitt gróðurfélag af þessari gerð kemur fyrir á eyjunni:

T5 (*grös-starir*) þar sem ótilgreind grös og starir eru ríkjandi tegundir. Gróðurfélagið kemur fyrir í jaðri mýrlendis víðsvegar á eyjunni. Það þekur 3% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blönduðu gróðurfélaganna hefur verið skipt upp.

Mýrlendi er votlendi þar sem yfirborð jarðvatns er oftast nær við gróðursvörð eða rétt undir honum. Fjögur gróðurfélag mýrlendis koma fyrir í Viðey:

U1 (*mýrastör-hengistör*) þar sem mýrastör og hengistör eru ríkjandi tegundir. Gróðurfélagið kemur fyrir í einum smáreit á miðri Vesturey og er það óverulegur hluti af grónu landi eyjunnar (<1%).

U4 (*mýrastör-klófífa*) þar sem mýrastör og klófífa eru ríkjandi tegundir. Gróðurfélagið kemur fyrir í nokkuð stórum reit í jaðri framræsta votlendisins, svokallaðri Mómýri, norðan Viðeyjarstofu. Það þekur 1% af grónu landi eyjunnar.

U5 (*mýrastör*) þar sem mýrastör ríkir ein er eitt af algengustu gróðurfélögum mýrlendis á láglendi. Í Viðey kemur það fyrir í blönduðu gróðurfélagi með mjaðurt í nokkrum litlum reitum á Austurey og rétt austan við Viðeyjarstofu á Heimaey. Gróðurfélagið þekur 1% af grónu landi eyjunnar eftir að flatarmáli blönduðu gróðurfélaganna hefur verið skipt upp.

U8 (*mýrastör-gulstör*) þar sem mýrastör og gulstör eru ríkjandi tegundir er langútbreiddasta mýrargróðurfélag eyjunnar. Það er að sama skapi annað í röðinni, næst á eftir graslendi, þegar litið er til allra gróðurfélaga eyjunnar. Gróðurfélagið finnst í stórum samfelldum reitum í öllu votlendi eyjunnar. Það er mjög kjarngott og gróskumikið og þótti afskaplega gott til beitar. Gróðurfélagið þekur 23% af grónu landi eyjunnar.

Flói (V) er blautasti hluti votlendisins, að vatnagróðri undanskildum. Flóar einkennast af því að vatnsborð nær vel yfir gróðursvörð verulegan hluta ársins:

V1 (*gulstör*) er flói þar sem gulstör er ríkjandi. Þetta gróðurfélag er að finna í votlendinu um alla eyjuna í meðalstórum og litlum reitum, oft í blönduðu gróðurfélagi með U8 (*mýrastör-gulstör*). Gróðurfélagið þekur 3% af grónu landi eyjunnar.



16. mynd. Grasi gróið athafnasvæðið við Stöðina í Viðey má muna fífil sinn fegri. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



17. mynd. Horft til norðurs að skólahúsinu í Viðey. Snarrótargraslendi við jaðar mýrlendis þar sem mýrarstör og gulstör eru ríkjandi. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



18. mynd. Fjörugróður á suðvestanverðri Austurey í Viðey. Greina má m.a. fjöruarfa, melgresi, baldursbrá, blálilju og ætihvönn. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



19. mynd. Dæmigert graslandi með grjóti í gróðursverði og mýrarblettum inn á milli á norðanverðri Austurey í Viðey. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



20. mynd. Mýri með mýrarstör og gulstör (U8) er útbreiddasta votlendisgróðurfélagið á Austurey í Viðey. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



21. mynd. Graslendi og slegin tún á Heimaey ofan við bryggjuna í Viðey. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



22. mynd. Hrossabeit í afmörkuðum hólum sem þessu norðan við Viðeyjarstofu getur orðið til skaða. Hófleg sauðfjárbait í Viðey gæti hins vegar gert graslendinu gott. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



23. mynd. Horft yfir aðstöðuna í Viðeyjarnausti þar sem tún eru í góðri rækt. Í baksýn grillir í Engey, nær og Akurey í fjarska. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



24 mynd. Mómýrin í Viðey sem ræst var fram á öndverðri 20. öld var áður forblautur flói. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



25. mynd. Horft yfir Eiðið og Vesturey frá Nyrðri-Eiðishólum. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.



26. mynd. Á Vesturey eru ummerki eftir búsetu og ræktun, þar sem þéttur og hávaxinn gras- og votlendisgróður vex á þýfðu landi. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 2003.

5 UMRÆÐUR

Gróðurfarslega má skipta eyjum Kollafjarðar í tvo flokka. Í fyrri flokknum eru smæstu eyjarnar, Akurey og Lundey, sem eru báðar þýfðar, algrónar og gróskumiklar vegna áburðar frá fuglum. Í seinni flokknum eru stærri eyjarnar, Engey, Þerney og Viðey, en búseta hefur sett mark sitt á gróðurfar þeirra sem endurspeglast í gömlum túnum og því hversu grösugar þær eru.

Akurey og Lundey

Akurey og Lundey er líkar að lögun og gerð. Þær eru álíka stórar og háar, lægstar að austanverðu og hæstar vestast og fjörunar grýttar og lágbarðar. Á báðum eyjum er tegundafæð einkennandi (Ævar Petersen og Kristbjörn Egilsson 1998) en hver tegund hefur tiltölulega mikla útbreiðslu. Samsetning gróðurfélaga er svipuð en gróður í Akurey er þó talsvert gróskumeiri en Lundey, væntanlega vegna meiri áburðargjafar frá fuglum. Í Lundey eru tveir sérkennilegir votlendisblettir með hávaxinni gulstör í bland við haugarfa en votlendi er ekki að finna í Akurey (11. mynd).

Engey, Þerney og Viðey

Stærri eyjarnar þrjár, Engey, Þerney og Viðey, eiga það sammerkt með Akurey og Lundey að vera lægstar að austanverðu og hæstar að vestanverðu. Í Viðey á þetta við um Vesturey og að hluta til Austurey. Stefna jökulráka í Engey og Viðey benda sterklega til þess að lögun eyjanna megi rekja til landmótunar af völdum ísaldarjökulsins (Ingibjörg Kaldal o.fl. 1997). Talsverður stærðarmunur er á eyjunum og sker Viðey sig sérstaklega úr hvað það varðar því hún er rúmlega þrisvar sinnum stærri en Engey og Þerney.

Eyjarnar þrjár eru allar nánast algrónar ofan við fjöru. Gróðurfar virðist fljótt á litið vera fremur einsleitt og einkennist það af gróskumiklu graslendi eða vallendi með mýrarflákum eða öðrum votlendisgróðri inn á milli. Um 86-91% af grónu landi er gras- og votlendi og eru gróðurfélög almennt fleiri í Viðey en í Engey og Þerney. Það á sérstaklega við um votlendið sem er mun fjölbreyttara í Viðey en í hinum eyjunum. Votlendið í Viðey er þó hlutfallslega meira á kostnað graslendis miðað við hinar tvær eyjarnar. Fjölbreytni í blómlendisgróðurfélögum er einnig töluvert meiri í Viðey þó að blómlendi sé þar hlutfallslega minna að flatarmáli en í hinum eyjunum.

Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að stærð eyju hefur áhrif á fjölda tegunda (MacArthur og Wilson 1967). Þetta endurspeglast að einhverju leyti í fjölda háplöntutegunda sem hafa fundist í Kollafjarðareyjum, hvort sem litið er til stærri eyjanna eða þeirra minni. Flestar háplöntutegundir hafa fundist í Viðey og fer þeim fækkandi eftir því sem eyjan er minni, fæstar tegundir eru í Lundey (Ævar Petersen og Kristbjörn Egilsson 1998).

Að lokum

Fjöldi háplöntutegunda getur haft áhrif á fjölda gróðurfélaga, sérstaklega þegar gróðurkort eru unnin í eins stórum mælikvarða og gert var í þessari rannsókn. Gróðurfélög graslendis og blómlendis voru flokkuð mun ítarlegar en gert er ef eingöngu er stuðst við hefðbundinn gróðurlykil Náttúrufræðistofnunar.

Búseta hefur verið í öllum stóru eyjunum sem hefur haft áhrif á flóru og gróðurfar þeirra. Enn má greina hvar gömul tún hafa verið í Engey þó að þau séu ekki lengur flokkuð sem ræktað land. Í Þerney flokkast hluti af gömlu túnunum ennþá sem ræktað land þar sem greinilegt er að styttra er síðan þau voru lögð af. Viðey er eina eyjan þar sem tún eru ennþá slegin.

6 HEIMILDIR

Hörður Kristinsson 2010. *Íslenska plöntuhandbókin: blómplöntur og byrkningar*. Reykjavík: Mál og menning.

Ingibjörg Kaldal, Skúli Víkingsson, Jón Eiríksson og Hreggviður Norðdahl 1997. *Jarðgrunnskort: Viðey 1613 III NV-J*. 1:25.000. Reykjavík: Landmælingar Íslands, Orkustofnun, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær og Reykjavíkurborg.

MacArthur, R.H. og E.O. Wilson 1967. *The Theory of Island Biogeography*. Princeton: Princeton University Press.

Páll Líndal 1986-1989. Reykjavík: *sögustaður við Sund*. I-IV bindi. Reykjavík: Örn og Örlygur hf.

Steindór Steindórsson 1981. Flokkun gróðurs í gróðursamfélög. *Íslenskar landbúnaðar-rannsóknir* 12(2): 11-52.

Ævar Petersen og Kristbjörn Egilsson 1998. *Heimildir um náttúrufar í og við Reykjavík. Skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands um eyjar á Kollafirði, Álftanes, Geldinganes, Öskjuhlíð, Fossvog og Reykjavíkurlugvöll frá árunum 1985-1997*. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-98031. Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.



GRÓÐURLYKILL
ÞURRLENDI

- Graslendi**
H1 - Grös
H1(a) - Húsepuntur ríkjandi
H1(c) - Snarrótarpuntur ríkjandi
H1(f) - Vinglar ríkjandi
H4 - Melgresi
H5 - Sjávarfjüngur

- Blómlendi**
L1 - Hávaxnar blómjurtir
L1(a) - Hvönn ríkjandi
L1(b) - Umfeðmingur ríkjandi
L1(d) - Níðli ríkjandi
L1(e) - Mjæðjurt ríkjandi
L1(g) - Filfar ríkjandi
L1(h) - Pistill ríkjandi
L2 - Lágvaxnar blómjurtir
L2(a) - Tunsúra ríkjandi
L2(c) - Tagamúra ríkjandi
L2(e) - Kattartunga ríkjandi

- Ræktað land**
R2 - Tún í goðri rækt
R3 - Gamalt tún, hægt að nýlja
R4 - Gamalt tún, þarfnast endurvinnslu
R5 - Skogrækt

- VOTLENDI**
Deiglendi
T5 - Grös - starir
Myri
U1 - Myrastór/stinnastór - hengistor
U4 - Myrastór/stinnastór - klöflla
U5 - Myrastór/stinnastór
U8 - Myrastór/stinnastór - gulstór
Floi
V1 - Gulstór

- ANNAD**
Skert gróðurpekja
x - Gróðurpekja að meðaltali 75%
z - Gróðurpekja að meðaltali 50%
a - Nokkurt gjót í gróðri
b - Talsvert gjót í gróðri

- Gróðurlaust eða lítt gróð land**
by - Byggð
ra - Rask
me - Melar
gt - Stórgrytt land
fj - Fjara
sa - Sander
av - Vatn

Myndkort: Loftmyndir ehf 2013,
gei eftir loftmyndum frá 2012
Vettvangsvinna upphaflega unnin
á myndkort frá 2002
Útlit kort: Sigrún Jónsdóttir

Viðey

Gróðurkort 1:4000

0 100 200 m



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS 2014